

FORSENDUR SAMSTARFSSAMNINGS


Sveinssafn og Hafnarfjarðarbær eru sammála um eftirfarandi greiningu á stöðu Sveinssafns og líta á þessa greiningu sem ígildi forsendna fyrir gerð samstarfssamnings þeirra á milli:

Í ljósi þess að margt nýtt fólk hefur nú valist til forystu Hafnarfjarðarbæjar á sviði menningarmála, sem ætla má að þekki lítið til starfsemi og sögu Sveinssafns, er talið nauðsynlegt að hafa forsendurnar sem hér fara á eftir greinargóðar og lýsandi.

a) Sveinssafn nýtur sérstöðu í menningarflóru bæjarins. Hún birtist ma. í þeirri staðreynd að það er eina listasafnið í bænum sem stofnað hefur verið og starfrækt utan list og ævi eins listamanns. Að auki er þetta listasafn þriðja stærsta listasafn landsins næst á eftir stóru listasöfnunum í Reykjavík, þ.e. Listasafni Íslands og Listasafni Reykjavíkur. Þessi staðreynd ein og sér gerir það að verkum að Sveinssafn á ekki nema að litlu leyti samleið með þeim aðilum sem njóta árlegra menningarstyrkja bæjarins og kallar því eftir sérstökum samstarfssamningi, sem réttlætir hærri styrkveitingar en Ferða- og menningarmálanefnd getur veitt umsækjendum sínum. Önnur sérstaða er fólgin í staðsetningu safnsins í Krýsuvík og tengsl þess við Krýsuvíkirkirkju sem og umhverfi Krýsuvíkur þangað sem listamaðurinn sótti sér aðalinnblástur sinn til listskópunar. Hafnarfjarðarbær telur verðmætt að hlúa að þessari sérstöðu en viðurkennir um leið að það er sérstökum erfiðleikum undirorpið að reka listasafn svo fjarri mannabyggð, að ekki sé talað um á vetrum, þegar færð getur verið meir en varasöm.

b) Þar sem Sveinssafn er þriðja stærsta listasafn landsins og langstærsta listasafnið á landsvísu sem byggt er utan um einn listamann þá glímir það við allar þær áskoranir og vandamál sem stóru listasöfnin þurfa að kljást við: Varðveislu listaverka sem unnin eru í fjölbreyttri en hefðbundinni tækni 20. aldarlistsköpunar, mörg hver í yfirstærð (2X3m 2X4m) viðamikili skráningarstarf, sem teygir sig út fyrir veggj safnsins og mæri landsins, því safn af þessum toga hlýtur að skrá öll listaverk eftir Svein Björnsson, hvar sem þau eru niðurkomin. Safnið sinnir söfnunarstarfi með því m.a. að veita viðtöku listaverkagjöfum, sem felur í sér mikla viðurkenningu og það aflar upplýsinga um verk Sveins Björnssonar. Þá gengst það fyrir sýningum og sinnir fræðimennsku eftir megni og leitast við að halda úti heimasíðu¹ og umræðum á Facebook. Þannig sinnir Sveinssafn öllum grunnþáttum hefðbundins safnastarfs. Hér við bætist sérstakt hlutverk safnsins í Krýsuvík, sem verður nánar kveðið á um í samningi þessum.

Hafnarfjarðarbær lítur svo á að öll þessi viðamikla starfsemi Sveinssafns sem unnin hefur verið í sjálfbodavinnu af eigendum safnsins s.l. 16 ár sé verðmæt, ekki bara fyrir Hafnirðinga heldur landið allt sem og fyrir erlenda ferðamenn. Það liggur fyrir að aðstandendur safnsins hafa t.d. sameinað krafta sína á messudögum í Krýsuvík með hljóðfæraleik og upplestri í messunni, umönnun gesta á eftir í Sveinshúsi með veitingum, leiðsögn og öðrum uppákomum og hafa gestir haft á orði hversu gefandi það hefur verið og sérstakt að verða þessa alls aðnjótandi. Þeir hafa skipt á milli sín öðrum opnunartímum í safninu en líka sameinað kraftana þegar eitthvað sérstakt hefur verið í boði eins og upplestur o.fl. Uppsetning sýninga í Krýsuvík, Hafnarborg sem og farandsýningar hafa verið gríðar mikið átak fyrir aðstandendur safnsins sem hafa reynt á krafta hvers um sig sem hefur dugað þeim þannig að ekki hefur þurft að leita utanaðkomandi hjálpar á neinu sviði. Hafnarfjarðarbær gerir sér grein fyrir að komandi kynslóðir eiga eftir að nóta góðs af þessu viðamikla safnastarfi þá að blómstra næsta áratuginn.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	20.1.2013
Málsnr:	140/16.56
Bréfat:	265

c) Sveinssafn hefur starfað í 16 ár, sem sýnir að stofnendum þess var fullkomin alvara með þeirri hugmynd sinni að halda arfleifð listsköpunar Sveins Björnssonar saman á einum stað og búa þannig um þessa arfleifð að almenningur fengi notið hennar. Sveinssafn er eini aðilinn í þessi 15 ár sem haldið hefur merki Sveins Björnssonar á lofti, en Sveinn hefur löngum verið talinn til helstu listamanna þjóðarinnar, að ekki sé talað um Hafnarfjarðar. Leitað hefur verið til safnsins um lán á listaverkum (Hafnarborg einu sinni, Kjarvalsstaðir einu sinni og Listasafn Íslands einu sinni en þá vegna verka eftir Júlíönu Sveinsdóttur). Hafnarfjarðarbær gerir sér grein fyrir mikilvægi þessa framlags Sveinssafns og vill að áfram verði minningu Sveins Björnssonar viðhaldið í listalífi þjóðarinnar, enda setti Sveinn stóran svip á bæjarlífið þegar hann var á dögum.

d) Við stofnun Sveinssafns (1997) kom til athugunar hvort Sveinssafn ætti að verða deild í Hafnarborg. Fyrir atbeina þáverandi forsvarsmanna Hafnarfjarðar var fallið frá þeirri hugmynd. Í staðinn var talið rétt að Sveinssafn tengdi sig beint við Krýsuvík og var safninu fengið vinnustofuhús hans þar til eignar og umbreytingar í safn gegn því að þar yrði rekið listasafn í framtíðinni. Gefin foru fyrirheit um að bærinn myndi ekki skilja safnið eftir úti í kuldalum, þegar fram liðu stundir heldur leitast við að styrkja starfsemi þess eftir föngum. Það gekk eftir framan af en hefur skroppið saman hin síðari ári svo að undan sviður. Hafnarfjarðarbær gerir sér grein fyrir þeim sérstöku erfiðleikum sem því eru samfara að reka listasafn fjarri mannabyggð sem Krýsuvík verður að teljast en um leið hversu mikla möguleika það hefur boðið upp á hingað til og mun bjóða upp á í framtíðinni. Hafnarfjarðarbær hugnaðist ekki við stofnun safnsins sú hugmynd að íbúðarhús Sveins í Hafnarfirði yrði varðveitt með aðkomu bæjarins. Það leiddi til kaupa á geymslu- og vinnuáðstöðu fyrir safnið á Trönuhrauni 1 í skuld. Hafnarfjarðarbær viðurkennir að það sé stórt verkefni fyrir Sveinssafn að reka tvær fasteignir, annars vegar áðstöðu safnsins á Trönuhruani 1 í Hafnarfirði, sem safnið keypti með því að taka lán fyrir andvirði þess og svo Sveinshús í Krýsuvík, sem mikið mæðir á í viðhaldi. Bærinn gerir sér jafnframt grein fyrir því að það mun skapa óvænta og mjög óvenjulega erfiðleika fyrir Sveinssafn ef áform um djúpholuborun í túnfæti safnsins í Krýsuvík koma til framkvæmda.

e) Frá stofnun safnsins hefur bókhald þess verið endurskoðað af löggildum endurskoðanda og ársreikningur gerður lögum samkvæmt (KPMG). Styrkveitingar bæjarins og annarra hafa því allar skilað sér inn í starfsemi safnsins. Hafnarfjarðarbær metur hversu vel hefur verið staðið að bókhaldi safnsins. Frá stofnun safnsins hefur öll vinna eigenda Sveinssafns fyrir safnið og samstarf þeirra við forsvarsmenn Krýsuvíkirkirkju verið unnin í sjálfböðavinnu. Eina undantekningin var þóknun langt undir vinnuframlagi til forstöðumanns í sambandi við undirbúning hinna tveggja viðamiklu sýninga safnsins í Hafnarborg árið 2008, þar sem önnur sýningin var innflutt frá Danmörku og nokkrum mánuðum síðar sett upp í smækkaðri mynd í Danmörku sem kallaði á þýðingu og útgáfu sýningarskrár hennar á dönsku.

f) Miðlunarstarf Sveinssafns hefur verið mjög fjölbreytt s.l. 16 ár og birst í því að safnið hefur staðið fyrir tveimur viðamiklum sýningum í Hafnarborg árið 2001 og 2008 (síðari sýningin var í eðli sínu tvær sýningar), 5 sýningum í Sveinshúsi í Krýsuvík, tekið þátt í samsýningum, gengist fyrir sýningarhaldi á heilbrigðisstofnunum (farandsýningar), staðið fyrir útsýnishlaupi úr Krýsuvík til Hafnarfjarðar (Hið svokallaða Madonnuhlaup fór fram tvisvar, í fyrra skiptið var það kvikmyndað). Þá hefur safnið gefið út metnaðarfull listamannsdagatöl (2001, 2002, 2003), jólakort, gjafakort, boli o.fl.

Bærinn gerir sér grein fyrir því að það var fyrir atbeina forsvarsmanna Sveinssafns að messuhald í Krýsuvík var endurvakið árið 1997. Þar hafði ekki verið messað síðan 1929. Messuhald hófst á ný með því að listamaðurinn Sveinn Björnsson var jarðsettur í Krýsuvíkurkirkjugarði í maí mánuði 1997 og hefur messuhaldið síðan verið reglubundið og hefur skapast í kringum það þar til kirkjan var brennd til ösku í byrjun árs 2010. Sveinssafn lék grundvallarhlutverk í messuhaldinu frá endurreisn þess með þáttöku í messuhaldinu, upphengingu og niðurtekningu altaristöflumyndar eftir listamanninn og með því að bjóða upp á messukaffi í Sveinshúsi og upp á opnanir nýrra sýninga þar en þeim var ávallt valinn tími í kjölfar vormessunnar. Þá átti safnið hugmyndina og frumkvæði að því að efnt var til afmælisfagnaðar í Krýsuvík vorið 2007 í samvinnu við Hafnarfjarðarkirkju með því að halda sameiginlega upp á 10 ára samstarfsafmæli þessara aðila og 150 ára afmæli kirkjunnar. Forstöðumaður safnsins hannaði myndarlegt afmælisrit og skrifaði allt textaefni þess að undanskilinni einni grein og braut um til útgáfu, hann beitti sér jafnframt fyrir því að Matthías Johannessen, skáld semdi kvæði af þessu tilefni og Atli Heimir Sveinsson semdi við það tónlist sem frumflutt var í Krýsuvíkurkirkju á hátíðinni af 5 tónlistarmönnum. Ennfremur kom hann því til leiðar að allur þessi atburður var kvikmyndaður og á eftir að líta dagsins ljós í kvikmynd fái forstöðumaðurinn svigrúm til að ljúka klippingu og annarri eftirvinnslu þessarar kvikmyndar. Hún ætti að teljast merk heimild um kirkjuna og samstarf safnsins og kirkjunnar nú þegar kirkja þessi er horfin.

Safnið tekur á móti gestum sem taka þátt í útiathöfn á grunni Krýsuvíkurkirkju og þegar kirkjan rís á ný þá verður messukaffi og annar viðurgerningur í Sveinssafni lykilatriði fyrir hina endurreistu kirkju, sbr. gr. g).

Sveinssafn nýtur þeirrar sérstöðu að geta sýnt kvikmyndina *Málarinn og sálmurinn hans um litinn* eftir forstöðumanninn í Sveinshúsi en hún fjallar um listsköpun Sveins þar í húsinu og víðar. Það er fátítt á landsvísu og kannski heimsvísu að til sé kvikmynd sem sýnir líf listamanns sem safn er stofnað utan um í sjálfum húsakynum safnsins. Sýningar safnsins í Sveinshúsi hafa verið þemasýningar og þeim fylgt útgáfur ítarlegra sýningarskráa.

Síðast en ekki síst þá er það sérstakt miðlunarviðfangsefni Sveinssafns, sem kallar á utanumhald og bókhald að leigja kvikmyndir bæði stofnunum og einstaklingum. Má í því sambandi nefna leigutaka eins og Hafrannsóknarstofnun, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Ríkisskattstjóra auk nokkra einstaklinga. Allt þetta sér Hafnarfjarðarbær sem mikilvægt framlag til menningarinnar og ríkulegra mannlífs.

g) Sveinssafn á fulltrúa í stjórn Vinafélags Hafnarfjarðarkirkju og forstöðumaður safnsins vinnur að kvikmyndun endurreisn kirkjunnar endurgjaldslaust. Endurreisn kirkjunnar er safninu kær enda hafði bruni hennar lamandi áhrif á starfsemi safnsins. Eftir að Krýsuvíkurkirkja rís verður Sveinssafn í Krýsuvík grunnstoð fyrir endurreist messuhaldið vegna þess að engin aðstaða er við kirkjuna fyrir kirkjugesti þegar athöfnum lýkur, hvorki veitingaaðstaða og salernisaðstaða eða annað.

h) Sveinssafn gegnir annars konar hlutverki í listalífi Hafnarfjarðarbæjar og náttúruferlu hans, Krýsuvík, heldur en Hafnarborg og eykur því fjölbreytni framboðsins. Hafnarborg rekur framsækna nútímalega sýningarstefnu í listmiðlun auk þess sem hún sinnir fortíðinni m.a. með rannsóknum á list Eiríks Smith. En Sveinssafn leggur áherslu á þemasýningar í Krýsuvík, þar sem það vekur athygli á hinum fjölskrúðugu en samofnu myndstefjum í list Sveins Björnssonar. Safnið er með framtíðarsýn, sem snýr að nýtingu gagnagrunns,

vefmiðla og kvikmyndagerðar til útvíkkunar á listmiðlun sinni, t.d. með því að finna leiðir til að fólk geti gerst áskrifandur að útsendingum safnsins á myndverkum sem það fengi heim í stofu beint í sjónvarpstækin sín og/eða tölvur.

i) Menningarstofnanir eru sjaldnast reknar í ágóðaskyni. Sveinssafn er þeim hópi safna sem ekki eru rekin í ágóðaskyni. Það er vaxandi tilhneiging í samfélaginu að sveitarfélög styrki rekstur safna á þeirra svæðum, sbr. Byggðasafnið á Ísafirði, Tryggvasafn á Neskaupstað og Læknaminjasafnið á Seltjarnarnesi sem að vísu stendur frammi fyrir ákvörðun yfirvalda á Nesinu um að draga sig út úr rekstri Læknaminjasafns. Safnasamfélagið á Íslandi hefur lýst yfir mikilli vanþóknun á slíku ráðslagi. Hagnaðurinn af safnastarfsemi heima í héraði er með margvíslegum hætti og kemur m.a. fram í margfeldisáhrifum fyrir sveitafélög sem hægt er að reikna til verðs. Langtímasjónarmið eru því sérstaklega mikilvæg, þegar um uppbyggingu safnastarfs er að ræða. Listasöfn utan um líf og verk eins listamanns eru starfrækt út um allan heim og njóta mikilla vinsælda. Má í því sambandi minna á safn Louis Armstrong í Queens í New York sem gæti að mörgu leyti minnt á Sveinssafn.
<http://www.louisarmstronghouse.org/>

j) Síðast liðin ár, eftir að Hafnarfjarðarbær hætti við samstarfssamninga á menningar sviði og minnkaði stuðning sinn við Sveinssafn úr 800.000 í 500.000 og byggði framlög sín á árlegum verkefnabundum umsóknum, hefur safnið ekki náð endum saman í rekstri sínum þrátt fyrir alla gjafavinnuna og eigin fjárframlög eigenda til rekstursins. Hér við bætist áfallið sem fylgdi bruna Krýsuvíkirkirkju. Það er því tæpast ofsögum sagt að safnið er nú í ákveðnum fjörbrotum eftir að hafa haldið úti starfsemi í 16 ár með óeigingjörnu sjálfbodastarfi eigendanna. Samt er það svo að safninu hefur verið að berast listaverkagjafir á umliðnum árum eins og málverkið Þjóðarhagur sem er í yfirstærð 2 x 4 m og þegar þetta er skrifað er það að undirbúa móttöku stærstu listaverkagjafar sem það hefur þegið frá upphafi og jafnast án vafa við umfang stórra aðfanga sem öðrum söfnum hefur borist og hefur þótt tíðindum sæta. Kannski felst stóra viðurkenningin á starfsemi safna í því þegar þeim fara að berast aðföng og er þar með trúað fyrir kærnum gripum gefendanna, sem í mörgum tilvikum búa yfir ómetanlegum verðmætum eins og á sér stað í sambandi við þá gjöf sem safnið er að vinna í að veita viðtöku um þessar mundir.

k) Lífróður. Rætt var við fyrrverandi bæjarstjóra um erfiða stöðu safnsins fyrir rúmu ári síðan og lagt á ráðin í framhaldinu um að bæjarstjóri og forstöðumaður safnsins ættu fund með fulltrúum menntamálaráðuneytisins. En ráðuneytið gaf ekki færi á slíkum fundi þegar á reyndi en vísaði á Hafnarfjörð sem hinn eðlilega styrktaraðila Sveinssafns. Fram kom óformlega við lyktir málsins „að lykillinn að framtíð Sveinssafns fælist í mögulegri aðkomu Hafnarfjarðarbæjar að því; þó þröngt sé í búi þar er ljóst í hugum flestra að listsköpun Sveins tengist Hafnarfirði og Krýsuvík öðru fremur, og er þannig hluti af menningararfi bæjarfélagsins. það má vissulega vísa til fordæma um stöðu listar Svavars Guðnasonar í Hornafirði, stöðu Ríkarðs Jónssonar á Djúpavogi, og jafnvel Kjarvals og Ásmundar Sveinssonar í Reykjavík“. Svo mörg voru þau orð.

Í aðdraganda samskiptanna við ráðuneytið var menningarmálanefnd bæjarins og bæjarstjóra boðið að skoða bæði húsakyni safnsins í Hafnarfirði og Krýsuvík. Boðið var þegið og fundað með nefndinni og Guðmundi Rúnari bæjarstjóra í Sveinshúsi í Krýsuvík en allt kom fyrir ekki hvað fjárstuðning varðaði. Þess vegna leggur Sveinssafn það til nú þegar bærinn hefur auglýst eftir umsóknum til menningarverkefna að í stað þess að safnið sæki um og geti síðan ekki framkvæmt verkefnið sem sótt er um vegna lágrar styrkveitinga og

kostnaðar við aðra þætti starfseminnar þá geri bærinn og safnið með sér samstarfssamning sem hér fylgja efnisdrög að. Í því sambandi er vert að minnast greinar í afsali bæjarins á Sveinshúsi í Krýsuvík árið 2000 þar sem segir að „með afsali skoðast Sveinshús sem hluti Sveinssafns og tekur Sveinssafn að sér að annast safna- og sýningastarf í húsinu. Starfsemin skal ávallt miðuð við að halda minningu Sveins Björnssonar heitins á lofti en auk þess skal stefnt að því að starfsemin styrki uppbyggingu Krýsuvíkur sem útivistar- og ferðamannastaðar“.

Í dag á afmælisdegi Sveins Björnssonar, birtist pistill í Morgunblaðinu undir fastadálknum Merkir Íslendinar, sem undirstrikar að með einhverjum hætti hefur Sveinssafni tekist ætlunarverk sitt. Kannski táknrænt á deginum þegar þetta erindi er sent bænum. Það er hins vegar undir samstarfssamningnum, sem nú er lagt til að safnið og bærinn geri með sér, komið hvernig Sveinssafni mun reiða af í framtíðinni. Megin markmið samningsins er að tryggja framhaldslíf þess út yfir gröf og dauða núverandi eigenda þess.

Hafnarfirði, 19. febrúar, á afmælisdegi Sveins Björnssonar
Með lagfæringum 17. janúar 2014

f.h. aðstandenda Sveinssafn,

Erlendur Sveinsson, forst.m.

¹ Heimasíða Sveinssafns varð fyrir skakkaföllum og liggur því niðri. Óvíst er talið hvort hægt verði að bjarga gögnum síðunnar. Safnið varð fyrir því óláni að þegar stóð til að færa heimasíðu þess frá árinu 2001 yfir í nýrri gerð af heimasíðu læstust gögnin inni í kerfinu sem fyrir var. Ný heimasíða getur tæpast orðið til fyrr en með bættum hag safnsins. Á meðan gegnir Facebook síðan hlutverki heimasíðunnar.